

PGA á Íslandi

Aðalfundur 09.jan. 2010

Fundargerð.

Jón Þorsteinn Hjartarson var skipaður fundarstjóri í upphafi fundar.

Sigurpáll Geir Sveinsson formaður PGA tók til máls og fór yfir liðið ár og skýrslu stjórnar.

Hörður Þorsteinsson tók til máls og talaði um PGA á Íslandi fyrir hönd GSÍ. Hörður kom meðal annars inná að síðastliðið ár fékk Golfkennaraskólinn viðurkenningu PGA's of Europe. Óskaði hann skólanum innilega til hamingju með þá viðurkenningu.

Fleiri tjáðu sig ekki.

Næstur tók til máls Agnar Már Jónsson og fjallaði um efnahagsreikning fyrir árið 2009.

Agnar talaði um að hann vantaði aðstoðarmann til að hjálpa til í sambandi við styrki fyrir PGA. Magnús Birgisson gaf kost á sér til að aðstoðar.

Agnar þakkaði stjórninni fyrir frábært samstarf. Þakkaði félögum PGA fyrir gott samstarf og fannst árið búið að vera skemmtilegt og jafnframt gefandi.

Arnar Már talaði örlítið um að árið í ár hafi verið dýrt einkum vegna þess að mikil vinna fór í að klára alla pappíra fyrir EPGA. Arnar sagði að komandi ári yrði með hefbundnu sniði. Rekstartala fyrir árið 2010 er minni en fyrir árið 2009, en það er vegna þess að nú fer minni kostnaður í EPGA og kennarar skólans eru nú betur í stakk búnir fyrir komandi ár.

Efnahagsreikningur 2009 var samþykktur einhljóða af fundarmönnum sem viðstaddir voru.

Næst tók Arnar Már Ólafsson til máls og fjallaði um Golfkennaraskólann.

Arnar fjallaði um þýðingu viðurkenningu fyrir skólann.

Arnar lagði áherslu á að halda áfram að vinna þá góðu vinnu sem unnið hefur verið.

Þetta er mikilvægt einkum vegna þess að til þess að viðhalda þessari viðurkenningu þarf að halda uppi góðum (standard). Auðvelt að missa stimpilinn ef ekki er haldið rétt á spöðunum.

Lagabreytingar féllu niður þar sem engar lagabreytingar höfðu borist stjórninni.

Næsti liður var stjórnarkosning.

Kosnir í stjórn voru.

Formaður Sigurpáll Geir Sveinsson

Gjaldkeri Björgvin Sigurbergsson

Skólatengill Einar Lyng Hjaltason

Ritari Jóhann Kristján Hjaltason

Mótanefnd Ingi Rúnar Gíslason

Næstur til máls tók Karl Haraldsson og kynnti golfævintýri í Vestmannaeyjum fyrir 2010.

Næstur til máls tók Arnar Már og fjallaði um golfferð 2010. Arnar talaði um að fara í ferð PGA á vegum Heimsferða og vantaði fjóra kennara, (sjálfboðaliða) til að vinna sem kennarar úti á Spáni í eina viku. Þetta er gert til þess að vinna upp tap síðasta árs.

Þetta mál er ennþá í vinnslu og er á byrjunarstigi.

Agnar Már tók til máls og sagði að það þyrfti að sækja pening vegna tap síðasta árs en laggði áherslu á það PGA ætlar sér ekki í samkeppni við meðlimi PGA með að fara í skipulaggingu golfferða næstu ár. Þetta er einungis hugsað sem fjáröflun þetta einstaka ár. Málið er ennþá á frumstigi og í vinnslu.

Næstur tók til máls Hörður Arnason og fjallaði um matskerfið sem taka á í notkun í framtíðinni. Matskerfið er ennþá í vinnslu og ekki fullklárað. Í þessari matsnefnd er Philip Hunter, Þorsteinn Hallgrímsson og Hörður Arnarson. Hörður kynnti hugmyndir um hvernig kerfið yrði notað og hvernig yrði (rankað).Einnig talaði hann um að kerfið ætti að virka hvetjandi og að endurmenntun ætti að fá sjánlegan sess í framtíðinni.

Hörður ætlaði að hraða vinnuframlagi í samabandi við matskerfið.

Næstur tók til máls Sigurpáll Geir Sveinsson formaður og útnefndi kennara ársins og kylfing ársins.

PGA Kylfingur ársins : Stefán Már Stefánsson.

PGA Kennari ársins: Arnar Már Ólafsson.

Skrifleg tillaga barst stjórn um hvort ætti að halda áfram vinnu um golfferð 2010 á vegum PGA. Það var samþykkt einhljóða af fundarmönnum.

Orðið laust.

Það var beðið um að leiðrétta heimasíðu PGA á Íslandi , uppfæra síðuna og halda henna betur gangandi.

Formaður félagsins sleit fundi klukkan 19:00